

## REGLUGERÐ

### um þjóðvegi í kaupstöðum og kaupþúnum.

#### 1. gr.

Í kaupstöðum og kaupþúnum með 300 íbúa eða fleiri skulu vegir og götur teljast þjóðvegir samkvæmt 30. gr. vegalaga, nr. 71 30. des. 1963, svo sem hér segir:

#### *Reykjavík:*

Miklabraut frá vegamótum Elliðavogar, Hringbraut og Eiðsgrandi að mörkum Seltjarnarneshrepps, Kringlumýrarbraut frá Fossvogslæk að Sætúni við Kirkjusand, Sætún að Laugarnesi, Kleppsvegur og Elliðavogur að Miklubraut vestan Elliðaáa.

#### *Seltjarnarnes:*

Eiðsgrandi frá mörkum Reykjavíkur að Nesvegi hjá Mýrarhúsaskóla.

#### *Garðahreppur:*

Vífilsstaðavegur frá Hafnarfjarðarvegi að Reykjanesbraut.

#### *Kópavogur:*

Hafnarfjarðarvegur frá Fossvogslæk að Kópavogslæk.

#### *Hafnarfjörður:*

Frá Hafnarfjarðarvegi í Engidal um Reykjavíkurveg um nýja götu samhliða Strandgötu og framhald hennar suður yfir Hvaleyrarholt að vegamótum Reykjanesbrautar.

#### *Innri-Njarðvík:*

Njarðvíkurvegur frá gömlu Reykjanesbraut um Njarðvíkurbraut að Hafnargarði.

#### *Ytri-Njarðvík:*

Sjávargata frá Reykjanesbraut að hafnargarði.

#### *Keflavík:*

Reykjanesbraut frá mörkum Njarðvíkurepps um Flugvallarveg og Hringbraut að mörkum Gerðahrepps norðan bæjarins.

#### *Sandgerði:*

Reykjanesbraut frá mörkum 200 m norðan Brekkustígs um Norðurgötu og Suðurgötu að vegamótum Miðnesheiðarvegar með álmu niður að höfn um Brekkustíg að Tjarnargötu.

#### *Grindavík:*

Víkurbraut frá vegamótum Grindavíkurvegar að kirkju með álmu um Ægisgötu að höfn.

#### *Akranes:*

Akranesvegur frá vegamótum Akrafjallsvegar, um Stillholt, Kirkjubraut, Akursbraut og Hafnarbraut að hafskipabryggju.

#### *Borgarnes:*

Borgarnesbraut frá verksmiðjuhúsi Galvanó hf. um Borgarbraut og Brákarbraut að höfn í Brákarey.

#### *Hellissandur:*

Aðalgatan um kaupþúnið frá Hraunprýði við Útnesveg að Selhóli.

*Ólafsvík:*

Ólafsvíkurvegur frá gatnamótum Sandholts á Ytra-Klifi um Ólafsbraut og Ennisbraut vestur fyrir byggð, með álmu að höfn frá Ólafsbraut að efri enda Norðurgarðsbryggju.

*Grafarnes:*

Grundarfjarðarvegur frá Gilósi um Grundargötu vestur fyrir byggð með álmu að höfn um Framnesveg.

*Stykkishólmur:*

Stykkishólmsvegur frá gatnamótum Skipavíkurvegur um Túngötu að höfn.

*Patreksfjörður:*

Barðastrandarvegur frá Bergsstöðum um brú á Mikladalsá, um Aðalstræti, Strandgötu og Þórsgötu að hafnarbakka í Patrekshöfn.

*Bildudalur:*

Ketildalavegur frá vegamótum Barðastrandarvegur við Litlu-Eyri um aðalgötuna í kaптúninu að Jaðri með álmu niður að bryggju.

*Þingeyri:*

Vestfjarðavegur og Svalvogavegur frá Vegamótum við Vestfjarðaveg um Fjarðargötu og Aðalstræti að Byggðarenda við Svalvogaveg með álmu um Hafnarstræti út undir bryggju.

*Flateyri:*

Flateyrarvegur frá vegamótum Eyrarhjallavegar um Hafnarstræti að bryggju.

*Suðureyri:*

Súgandafjarðarvegur frá Höfða innan við syðsta hús um Aðalgötu út á móts við brimbrjót.

*Bolungarvík:*

Bolungarvíkurvegur frá stað 200 m sunnan við Hólsá um nýjan veg og brú yfir ána, um Aðalgötu norður á móts við brimbrjót og niður á brimbrjót.

*Hnífsdalur:*

Bolungarvíkurvegur frá aðalspennistöð, um Strandgötu út fyrir Heimabæjarvör, svo langt sem sjóvarnargarðurinn nær.

*Ísafjörður:*

Vestfjarðavegur og Bolungarvíkurvegur frá Engi við Vestfjarðaveg um Seljalandsvæg, um nýjan veg, Túngötu og Hnífsdalsveg að hafnarmerki við Bolungarvíkurveg, með álmu um Hafnarstræti, Aðalstræti og Suðurgötu niður að hafnarbakka á Suðurtanga í Neðstakaupstað.

*Hólmavík:*

Strandavegur frá Hvoli um aðalgötuna í kaптúninu inn á móts við bryggju og niður á bryggjutanga.

*Hvammstangi:*

Vatnsnesvegur frá vegamótum Bröttugötu að félagsheimili. Brattagata að höfn, yfir Hvammsá að Vatnsnesvegi við félagsheimili.

*Blönduós:*

Aðalgata frá Norðurlandsvegi. Skagavegur frá Norðurlandsvegi um Húnabraut að sláturhúsi.

*Höfðakaupstaður:*

Skagavegur frá vegamótum austan við félagsheimili, um Fellsbraut, Oddabraut, Strandgötu og Skagaveg um 150 m norður fyrir gatnamót Bankastrætis.

*Sauðárkrókur:*

Sauðárkróksbraut og Skagavegur frá mjólkursamlagi við Sauðárkróksbraut um Skagfirðingabraut, Aðalgötu og Eyrarveg að frystihúsi við Skagaveg. Siglufjarðarvegur frá NV horni flugvallar um Hegrabraut að Skagfirðingabraut.

*Hofsós:*

Suðurbraut frá Siglufjarðarvegi yfir Hofsá að bryggju. Skólavegur frá Suðurbraut að skóla.

*Siglufjörður:*

Siglufjarðarvegur frá Dalabæ um Hvanneyrarbraut, Aðalgötu og Gránugötu og Tjarnargötu að höfn.

*Ólafsfjörður:*

Ólafsfjarðarvegur frá gatnamótum þvergötu að hafnargarði, um Aðalgötu að brú á Fjarðará, með álmu að hafnargarði.

*Dalvík:*

Ólafsfjarðarvegur frá barnaskóla um Skíðabraut, Hafnarbraut og Karlsbraut að Brimnesá, með álmu að höfn.

*Akureyri:*

Norðurlandsvegur frá Sjónarhóli um Hörgárbraut, Glerárgötu, um veg skv. skipulagi austan Hafnarstrætis og Aðalstrætis að vegamótum flugvallarvegar.

*Húsavík:*

Þingeyjarsýslubraut frá Hjarðarholti um Stangarbakka, yfir Búðarargil um Héðinsbraut að Baldurshaga.

*Raufarhöfn:*

Þingeyjarsýslubraut frá Klifi um Aðalgötu að barnaskóla.

*Dórshöfn:*

Langanesvegur frá Bakkalæk um aðalgötu í gegnum kauptúnið að hreppamörkum við olíustöð, með álmu að höfn.

*Vopnafjörður:*

Stranda- og Jökulsárhlíðarvegur frá læknisbústað fram hjá félagsheimili að Hólum, með álmu að bryggju hjá kaupfélagi.

*Egilsstaðir:*

Selás frá Norðfjarðarvegi að gatnamótum Laufáss.

*Seyðisfjörður:*

Fjarðarheiðarvegur frá Hóli um Vesturveg að Seyðisfjarðarvegi, Seyðisfjarðarvegur frá austurmörkum lóðar Síldarverksmiðju ríkisins um brú á Fjarðará að götu að Vélsmiðjunni Stál.

*Neskaupstaður:*

Norðfjarðarvegur frá vegamótum flugvallarvegar um Strandgötu, Hafnarbraut og Egilsbraut að gatnamótum Eyrargötu.

*Eskifjörður:*

Norðfjarðarvegur frá mörkum 310 m austan Bleiksár, um Strandgötu og upp með Lambeyrá, að gatnamótum Hátúnsvegar. Viðfjarðarvegur frá Norðfjarðarvegi um Strandgötu að austustu húsunum, 330 m austan Hlíðarendaár.

*Reyðarfjörður:*

Norðfjarðarvegur frá Kviagilslæk um Aðalbraut að læk við Neðri-Bakka.

*Fáskrúðsfjörður:*

Suðurfjarðavegur frá hreppamörkum við Heiði um Búðaveg að Búðalæk.

*Djúpivogur:*

Djúpavogsvegur frá mörkum 200 m sunnan prestseturs fram hjá kirkju að höfn.

*Höfn í Hornafirði:*

Hafnarvegur frá gatnamótum sunnan Fiskhóls fram hjá félagsheimili að gatnamótum hjá Hótel Skálholti.

*Vík í Mýrdal:*

Aðalgatan frá Suðurlandsvegi austan við Víkurá að verzlunarhúsum VVS.

*Vestmannaeyjar:*

Skólavegur og Flugvallarvegur frá Strandavegi að flugvelli.

*Selfoss:*

Suðurlandsvegur frá Ölfusárbrú um Austurveg að vegamótum Laugardælavegar vestri. Eyrarbakkevegur frá Suðurlandsvegi um Eyrarveg að Fossheiði.

*Stokkseyri:*

Gaulverjabæjarvegur frá Sandfelli að Baldurshaga. Holtsvegur frá Gaulverjabæjarvegi að Pálsbæ.

*Eyrarbakki:*

Eyrarbakkevegur frá vegamótum vestan Vinnuhælis vestur fyrir kaптúnið.

*Hveragerði:*

Reykjavegur frá Suðurlandsvegi um Breiðumörk og Varmahlíð að brú á Varmá.

*Þorlákshöfn:*

Þorlákshafnarvegur frá mörkum kaптúns að A-götu (870 m) um A-götu að syðri hafnargarði.

**2. gr.**

Um framkvæmdir við lagningu og viðhald þjóðvega samkv. 1. gr., svo og greiðslu kostnaðar, skal farið samkv. reglugerð um ríkisframlag til þjóðvega í kaupstöðum og kaптúnum frá 2. desember 1964.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt vegalögum, nr. 71 30. des. 1963, öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 8. marz 1965.

**Ingólfur Jónsson.**

*Brynjólfur Ingólfsson.*